

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/580
komudagur 10.12.2003



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. 19. mál


Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar og lýsa sig í meginatriðum samþykkt þeirri grunnhugsun sem fram kemur í tillögunni að því gefnu að aðgengi ferðamanna sé tryggt með því skipulagi sem upp er sett.

Samtökin vilja benda á að megin þorri ferðamanna sem kemur til landsins er kominn til að njóta einstakrar náttúru landsins og því þarf að fara mjög varlega í allar framkvæmdir á þeim svæðum sem eru í hvað mestum metum bæði hjá landsmönnum sjálfum og gestum okkar.

Það svæði sem hér um ræðir hefur að geyma marga staði sem eru ferðaþjónustunni afar mikilvægir og ljóst að full ástæða er til að vernda. Nokkur svæði eru nú þegar vernduð á mismunandi stigum án þess að fullt samræmi sé í þeim aðgerðum. Æskilegt er frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar að sem stærst svæði verði tekið undir og skapað heildstætt skipulag á svæðinu með tengingu við núverandi þjóðgarð í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði þannig að hægt verði að vinna að stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla sem samfelldrar heildar en ekki stakstæðra búta.

Samtökin vilja ítreka skoðanir sínar um að fullt samráð verði haft við rekstraraðila í ferðaþjónustu þegar kemur að útfærslu friðlýsingarinnar þannig að tryggt verði að ekki verði settar þær strangar kröfur að ókleyft verði að reka arðbæra ferðaþjónustu á svæðinu og friðlýsing verði til að takmarka aðgengi ferðamanna.

Virðingarfyllt
F.h Samtaka ferðaþjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri